

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504/1986, um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þeir sem voru í starfi við sjúkraflutninga við gildistöku reglugerðarinnar, en uppfylltu ekki skilyrði 2. og 3. gr., eiga að fengnum meðmælum landlæknis, rétt á tímabundnu starfsleyfi út árið 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, sbr. og 34. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. janúar 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31
2. febrúar 1982 með síðari breytingum.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum:

- a. Taxi V1 – heimili. Fastagjald kr. 2 507,00 á ári.
- b. Taxi V2 – allt annað húsnæði. Fastagjald 0,15% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 4.87 á m³ húss og hámarksgjald kr. 9.76 á m³ húss.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Þórhildur Línal.